



## Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

20. fundur, miðvikudaginn 10. júní, kl. 9:30

í iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu),

**Forföll:** Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þorsteinn Tómasson.

### Fundarfrásögn

- Fundargerð.** Fram komu athugasemdir við fundargerðir frá 17. apríl og 22. maí. Senda skal út nýtt uppkast fundargerðanna.
- Kynningarfundir og ferðir:**
  - Gerð var grein fyrir almennum kynningarfundum sem haldinn var í Þjóðminjasafninu 9. júní. Fram kom almenn ánægja með fundinum sem þótti málefnalegur.
  - Einnig var grein gerð fyrir kynningarfundum með þingflokki. Lokið er fundum með þingflokki Samfylkingar og Framsóknarflokks og síðdegis á fundardegi verða fundir með þingflokki Vinstri-grænna og Borgarahreyfingunni. Stefnt er að fundum með þingmönnum Sjálfstæðisflokks fljótlega og helst litið til 22. júní.
  - Rætt var að síðla sumars efni faghópar 1, 2 og 3 til sjálfstæðra kynningarfundum um störf sín með áherslu á aðferðafræði.
  - Rætt um nauðsyn þess að efna til funda á landsbyggðinni. Til greina komi að nýta fjarfundabúnað líkt og gert var í 1. áfanga. Þó kom fram að þátttaka landsbyggðarfólks á slíkum fundum hefði verið mjög dræm. Einnig komi til greina að senda fundina út á netinu og taka þá jafnframt upp og gefa kost á skoðun á heimasíðu rammaáætlunar. Á sama hátt komu upp efasemdir um að þessi háttur næði tilgangi sínum.
  - Þessari umræðu tengdust óskir um vettvangsferð á fyrirhuguð virkjunarsvæði sem tengja mætti almennum fundum. Faghópi 2 er nauðsynlegt að heimsækja ólík landshorn í gagnaleit og öflun upplýsinga og viðhorfa ferðaþjónustuaðila og útivistarfólks. Þá hafa komið fram óskir frá faghópi 1 að heimsækja nokkur svæði. Ákveðið var að Þóra Ellen tæki að sér að setja upp ferðaáætlun er byggði á 2-3 daga ferð í kringum 25. ágúst með áherslu á suður-hálendið. Efna mætti til kynningarfundum í tengslum við þessa ferð.
- Vinnugögn vegna vinnu faghópa.** Þessum lið var vísað til formannafundar faghópa sem stefnt er á að halda sem fyrst og horft til 22. júní.
- Virkjunarkostir/svæði: glærुकynning.** Hlaupið var yfir þennan lið en margir fundarmanna höfðu séð kynninguna á kynningarfundum daginn áður. Fundarmönnum skal senda eintak af kynningunni í netpósti.
- Önnur mál**

- a. **Formleg staða rammaáætlunar.** Formaður gerði stutta grein fyrir fundi með ráðherrum og ráðuneytisstjórum iðnaðar- og umhverfisráðuneyta um hugmyndir og útfærslur er lúta að formlegri stöðu og lagaramma niðurstöðu rammaáætlunar. Fyrstu hugmyndir byggja á að fram komi á haustþingi 2009 frumvarp til laga um hvernig fara beri með niðurstöður rammaáætlunar sem liggja munu fyrir um áramót. Með því móti má tryggja að lagaleg meðferð taki mið af og byggji á heildarhagsmunum í stað þess að lagaramminn mótist af niðurstöðum og ólíkum hagsmunum. Jafnframt er stefnt að því að röðun virkjunarkosta taki mið af norsku aðferðinni þar sem kostur var skipt í þrjá flokka; verndarflokk, virkjunarflokk og milliflokk þar sem kostir liggja uns nægar upplýsingar liggja fyrir.
  - b. **Vinnulag.** Í framhaldi af lið a. að ofan var þeirri skoðun varpað fram að í fyrstu væru allir virkjunarkostir í milliflokki en vinnan fælist í því að einstakir kostir yrðu færðir annað hvort í verndarflokk eða virkjunarflokk uns „rest“ sæti eftir. Þá var rætt um þá hugmynd að fækka kostum, t.d. með því að taka út kosti sem augljóslega munu lenda í verndarflokki. Að öðrum kosti væri allt of skammur til stefnu. Á móti komu efasemdir um að þetta gæti gengið upp þar sem heildardæmið myndi riðlast. Niðurstaðan miðist bestu fánleg gögn. eru. Ágæt gögn eru til um allflesta vatnafskosti en gögn um háhitakosti eru gloppóttari. Þó eru t.d. afar takmörkuð gögn til um ferðapjónustu og útivist og mörg göt varðandi vinnu faghóps 3. Fundurinn var sammála um að mjög mikilvægt væri að niðurstaðan yrði vönduð og trúverðug og yrði að standast gagnrýna skoðun
  - c. **Menningarminjar.** Kristín Huld vakti máls á mikilvægi fornleifa og menningarminja sem liggja víðar en margir ætla. Vegna gagnafátæktar hefði vægi þessara þátta verið lítið í 1. áfanga en úr hefði ræst. Fannst henni samt menningarminjar liggja óbættar hjá garði í umræðunni og fór fram á að koma að kynningu á þessum þáttum á fundi verkefnisstjórnar.
  - d. **Vatnatilskipun EB.** Kristín Linda kynnti umræður frá fundi um vatnatilskipun EB í Tékklandi og skyld efni. Ný hugmyndafræði hefði rutt sér til rúms varðandi vatnsnotkun er byggði á því að notendur vatns greiði fyrir notkun og næði þetta m.a. til orkuframleiðslu, þ.á.m. til virkjana í fallvötnum. Þetta sjónarhorn ætti heima á borði rammaáætlunar. Umhverfisstofnun hefur þegar hafið vinnu við gagnaöflun um notkun vatns, gæði þess og vöktun.
6. **Næsti fundur.** Ráðgert er að halda næsta fund í áformaðri vettvangsferð í lok ágúst (sjá ofar).